

Ár 2012, fimmtudaginn 15. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 30. október 2012.**

Í bréfinu er ályktun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna talþjálfunar barna undir 18 ára aldri.

Bæjarráð ítrekar mikilvægi þessa máls og felur bærarstjóra að fylgja málinu eftir af fullum þunga.

**1.2. Þjóðskrá Íslands frá 31. október 2012.**

Í bréfinu er tilkynnt að starfsemi umdæmisskrifstofunnar á Selfossi verður lögð niður frá næstu áramótum.

Um leið og bæjarráð lýsir því yfir að mikill sjónarsviptir er að starfsemi Þjóðskrár á Suðurlandi vill bæjarráð þakka starfsmönnum sérlega gott samstarf undanfarinna áratuga og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.

**1.3. Sorpu, Sorpstöð Suðurlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpurðun Vesturlands frá 16. október 2012.**

Í bréfinu er verið að kanna möguleika á nýjum urðunarstöðum á Vestur- og Suðurlandi ásamt því að boða kynningarfund um sama mál sem haldinn verður á Selfossi 27. nóvember næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

**1.4. Varasjóði húsnæðismála ódagsett.**

Í bréfinu er kynnt ráðstefna um húsnæðismál sveitarfélaga sem haldin verður á Hótel KEA Akureyri þann 16. nóvember nk.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Stígamótum ódagsett.**

Í bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ við Stígamót fyrir árið 2013.

Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.6. **Kvennaathvarfi ódagsett.**

Í bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ við Kvennaathvarfið fyrir árið 2013.

Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.7. **Foreldrasamtökum gegn áfengisauglýsingum frá 26. október 2012.**

Í bréfinu er rætt um auglýsingar um áfengi á íþróttasvæðum.

Bæjarráð tekur undir sjónarmið bréfitara um að óásættanlegt er að áfengir drykkir séu auglýstir hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti á íþróttasvæðum bæjarins. Bæjarráð beinir þeim tilmælum til forsvarsmanna Íþróttafélagsins Hamars að ekki verði um slíkar auglýsingar að ræða á eða við íþróttamannvirki í eigu Hveragerðisbæjar.

1.8. **Landsbyggðin lifi frá 2. nóvember 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ til samtakanna Landsbyggðin lifi.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við beiðninni.

1.9. **Snorraverkefni frá 8. nóvember 2012.**

Í bréfinu óskar Snorraverkefnið eftir því að Hveragerðisbær taki ungmenni í starfsþjálfun í 6 vikur í sumar.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við beiðninni.

1.10. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. nóvember 2012.**

Í bréfinu er kynntur alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa 18. nóvember nk.

Lagt fram til kynningar.

**2. Tæknileg málefni:****2.1. Minnisblað frá skipulagsnefnd sambandsins frá 12. nóvember 2012.**

Í minnisblaðinu er umsögn um drög að landsskipulagsstefnu.  
Lagt fram til kynningar.

**2.2. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindarmála frá 31. október 2012.**

Með bréfinu fylgdi afrit af kærú frá ábúendum jarðarinnar Friðarstaða í Hveragerði til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála þar sem álagninga dagsekta vegna umgengni á jörðinni er kærð. Úrskurðarnefndin óskar eftir öllum gögnum er málið varðar fyrir 1. desember. nk.

Bæjarráð felur bærarstjóra og skipulags og byggingafulltrúa að svara erindi nefndarinnar að höfðu samráði við lögmann bæjarins.

**3. Fræðslu málefni:****3.1. Niðurstaða úr samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk.**

Lagðar fram niðurstöður úr samræmdum prófum sem tekin voru nú í haust í 4., 7. og 10. bekk.

Bæjarráð óskar nemendum, foreldrum, forráðamönnum, kennurum og starfslíði Grunnskólans í Hveragerði til hamingju með afburða árangur í samræmdum prófum í haust. Nemendur skólans voru í öllum bekkjum yfir bæði landsmeðaltali og Suðurlandsmeðaltali nema í stærðfræði í 10. bekk þar sem einkunn var yfir Suðurlandsmeðaltali og jöfn landsmeðaltali. Full ástæða er til að gleðjast þegar svo góður árangur næst.

Niðurstaða prófanna var með eftirfarandi hætti:

	4. bekkur		7. bekkur		10. bekkur		
	Íslenska	Stærðfr.	Íslenska	Stærðfr.	Íslenska	Stærðfr.	Enska
<b>Hveragerði</b>	<b>7</b>	<b>8,05</b>	<b>6,8</b>	<b>7,3</b>	<b>6,7</b>	<b>6,5</b>	<b>7</b>
Suðurland	6	7	6,2	6,6	6,1	6,2	6,3
Landið	6,1	6,9	6,6	6,9	6,4	6,5	6,6

**4. Fundargerðir til kynningar:****4.1. Almannaþingin Árneshósti frá 16. október 2012.****4.2. Héraðsnefnd Árneshósti frá 24. október 2012.**

4.3. **SASS frá 5. nóvember 2012.**

4.4. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 26. október 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:10

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)